

Norðurlandaráð

13. maí 2019

Svar við skriflegri fyrirspurn E1/19 um að setja á fót sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum

Jenis av Rana (Mfl.), þingmaður Norðurlandaráðs, beindi hinn 7. mars 2019 eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

Með svar Norrænu ráðherranefndarinnar í huga við tilmælum 30/2018 „Aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum“ er óskað eftir beinu svari við því hvort Norræna ráðherranefndin óski sérstaklega eftir að setja á fót sameiginlegt sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum?

Svar:

Fyrir hönd Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði heilbrigðis- og félagsmála vil ég nefna að þáttur í að uppfylla heildarstefnumið norræns samstarfs er að skapa Norðurlandabúum bestu mögulegu skilyrði fyrir frjálsri för og flæði á milli landa þeirra. Því er að það keppikefli Norrænu ráðherranefndarinnar að ryðja úr vegi eins mörgum hindrunum fyrir frjálsri för og kostur er. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um sjúklinga.

Stafræn þróun er með helstu burðarásum norræns samstarfs og stafrænar lausnir og nýsköpun sem nær yfir landamæri eitt helsta viðfangsefnið, einnig á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Norðurlönd eru í fararbroddi hvað varðar stafvæðingu opinbera geirans og hið mikla traust sem ríkir á milli almennings og stjórnvalda í löndunum býr í haginn fyrir frekari þróun á þessu sviði.

Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til að kanna og þróa möguleika á öflugra samstarfi norrænna þjóða um sjúkrapplýsingar. Ekki eru uppi áform um að koma



á fót sameiginlegu norrænu sjúkraskrárkerfi á Norðurlöndum en löndin reyna sameiginlega að leggja grunn að gagnkvæmri miðlun heilbrigðisupplýsinga þvert á fagsvið og stofnanir, meðal annars með því að nota samræmda staðla til að tryggja að upplýsingar í mismunandi kerfum séu samþýðanlegar. Eigi að vera unnt að halda áfram þróun á miðlun heilbrigðisupplýsinga á milli landa þarf að leysa úr ýmsum hagnýtum og lögfræðilegum álitaeftum sem standa norrænni samnýtingu á tölvugögnum í vegi. Slíkar áskoranir eru ekki bara norrænar, þær eru líka innlendar: Hvað þróun á stafrænum sjúkraskrár viðkemur er unnið sleitulaust að því að treysta persónuvernd sjúklinga og öryggi þeirra í tengslum við vinnslu á persónuupplýsingum.

Allt frá árinu 2011 hefur umfangsmikið samráð um stefnumörkun átt sér stað á vettvangi norræna eHelse-hópsins þar sem áhersla hefur verið lögð á miðlun þekkingar og upplýsinga. Samanburður á stefnum landanna um rafræna heilbrigðisþjónustu yfir landamæri er fyrirferðarmikill í starfsemi hópsins og áframhaldandi samræming vísa og staðla á sviðinu, einkum með tilliti til persónubundinna heilbrigðisupplýsinga, er meðal markmiða hans, bæði nú og síðar. Þess konar samstarf virðist vera grunnforsenda fyrir miðlun heilbrigðisupplýsinga á milli landa með hliðsjón af frjálsri för sjúklinga.

Aðrar áhugaverðar ráðstafanir eru undirbúningsverkefni um rafræna lyfseðla óháð landamærum sem Finnland og Eistland réðust í auk þriggja ára formennskuverkefni Svía „fjarlækningar og -hjúkrun“ sem miðar að því að kanna skilyrði fyrir rafræna lyfseðla og samskipti um sjúkrapplýsingar á Norðurlöndum. Reynslan af þessum verkefnum verður mikilvæg vísbending um tækifærin að þessu leyti í norrænu samstarfi framvegis. Gera má ráð fyrir að möguleikar opnast fyrir miðlun heilbrigðisupplýsinga á milli landa jafnhliða framþróun upplýsingakerfa og staðla á heilbrigðissviði og að uppfylltum tæknilegum og lagalegum skilyrðum. Norræna ráðherranefndin hyggst áfram kosta kapps um að auka þekkingu um og þróa lausnir fyrir miðlun heilbrigðisupplýsinga yfir landamæri, svo sem upplýsinga úr sjúkraskrár fólks.

Reykjavík, 13. maí 2019

Svandís Svavarsdóttir,
heilbrigðisráðherra